Kvennablaðið kostar 2 kr. innanlands erlendis kr. 2 60 [90 cent vestanhafs] ½ verðsins borgist fyrfram, en ½ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skriflog bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

22. ár. | Reykjavík, 30. júní 1916. | № 6.

Kosninga-leiðbeiningar

Við kosningarnar 5. ágúst 1916.

Kjörseðillinn lítur þannig út:

A-listi	B-listi	C-listi	D-listi	E-listi	F-listi
Hannes Hafstein o. s. frv.	Sigurður Eggerz o. s. frv.	Erl. Friðjónsson o. s. frv.	Sigurður Jónsson o. s. frv.	Einar Arnórsson o. s. frv.	Jósef Björnsson o. s. frv.

Kosning fer fram á þann hátt, að kjósandi markar kross, réttan kross eða skákross, framan við *bókstaf* þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill gefa atkvæði, þannig t. d.

X A-listi	B-listi	C-listi	D-listi	E-listi	F-listi
Hanues Hafstein o. s. frv.	Sigurður Eggerz o. s. frv.	Erl. Friðjónsson o. s. frv.	Sigurður Jónsson o. o. frv.	Einar Arnórsson o. s. frv.	Jósef Björnsson o. s. frv.

ef A-listinn er sá listi, sem kjósandi ætlar að kjósa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista sínum, skal hann setja töluna 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, o. s. frv. — Leggur kjósandinn svo seðilinn saman í þau brot, sem hann var í, og stingur honum niður í atkv.kassann.

Nota skal blýant, sem á að liggja á borði því í kjörklefanum, sem kjósendum er ætlað að skrifa við.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

1. Sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum, 2. bætt nafni eða nöfnum við á lista, 3. skrifað nafn sitt á seðilinn, 4. sett á hann stryk eða rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má að gert sé til þess að gera seðilinn þekkjanlegan, 5. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Hafi kjósandi í ógáti merkt seðil rangt, má hann skila þeim seðli til kjörstjórnar og fá hjá henni nýjan seðil.

Flest meðmæli, bæði karla og kvenna, fylgja A-listanum.

Framtíðarmál vor.

Þegar menn tala um landsins gagn og nauðsynjar nú á síðustu tímum, þá er það ekki sjaldgæft að heyra og sjá menn yfta öxlum, hrista höfuðið og segja: »Já, hvað er að tala um flokka, nú er öll pólitík dauð, því eru engir flokkar réttmætir«.

Og þannig tala konurnar líka. »Hvað eigum við að vera tala lengur um kröfur og jafnrétti? Nú er alt fengið. Að vera að hugsa um þarfir og nauðsynjamál sjálfra vor, væri bæði skammsýni og sérdrægni, sem verðskuldaði harðan dóm síðari tíma. Vér eigum eingöngu að taka að oss mál, sem varða þjóðina alla, og setja hennar hag framar vorum eigin hagnaði«.

En stöndum vér konur þá fyrir utan þjóðina? Erum vér ekki nokkur hluti

hennar, og hann svo innilega samtvinnaður að vér getum aldrei unnið svo að eigin hagsmunum vorum, að það verði ekki líka til hagsmuna fyrir alla þjóðina í heild sinni?

Menn segja að starfsvið kvenna hafi æfinlega verið bundið við líknar og mannkærleikastörf og að vér eigum framvegis einnig að láta þau til vor taka.

Já. Einmitt þess vegna hlýtur það að verða fyrsta málið á stefnuskrá vorri að hjálpa þeim, sem bágast eru staddir í þjóðfélaginu og rétta hluta þeirra. En *það eru einmitt konurnar sjálfar.*

Hingað til hafa karlmennirnir stjórnað öllum heiminum aleinir. Konurnar hafa ekki komið þar nærri. Þeir hafa, eins og Selma Lagerlöf segir, skapað hið reglubundna þjóðfélag og kirkju. Eftir þá *aleina* eru öll lög, sem þjóðunum er ætlað að lifa eftir, bæði konum sem körlum. Þar hafa þeir haft tækifæri til að gæta hagsmuna *allrar þjóðarinnar.* En hvernig hefir þeim tekist það? Hafa þeir trygt dætrum sínum jafnan hlut á borði lífsins og sonunum? Hafa þau lög, sem þeir hafa sett, verndað þá sem veikastir eru: börn og konur? Hafa lög þeirra trygt tilverurétt og lífsskilyrði kvenna, með því að undirbúa þær jafnvel undir lífsbaráttuna og syni sína, með því að tryggja þeim jafngóðan undirbúning undir hverja þá lífsstöðu, sem hæfileikar þeirra leyfðu, og jafngóð laun og launaskilyrði og sonum sínum?

Hvernig hafa líka karlmennirnir í löggjöfum sínum séð einkamálum kvenna borgið, í sambandi þeirra við unnusta sína og eigin menn? Hafa löggjafarnir haft hagsmuni þeirra jafnt fyrir augum með hjónabandslöggjöfunum hvar í heimi sem er, eins og hagsmuni karlmannanna. Eða með öðrum orðum, eins og sína eigin hagsmuni? Hvern rétt hafa þeir ætlað konum til að ráða sameiginlegum eignum þeirra beggja eða til að ráða yfir börnum sínum — þegar eitthvað bæri á milli?

Og hvernig hefir karlmönnunum farist að tryggja tilveruskilyrði veikustu og varnarlausustu mannanna: barnanna, sem fædd eru utan hinnar löghelguðu hjónabandsstofnunar, og mæðra þeirra, þegar þeirra sjálfsagðasti verndari og fyrirvinna, faðirinn, fellur frá, eða svíkst undan skyldum sínum?

Nei, alt þetta hafa karlmennirnir til skams tíma vanrækt. Á þeim hefir sannast: »Sá er brytinn verstur, sem sjálfan sig tælir«. Þeir hafa altaf verið að hugsa um *þjóðina*, en — það hefir verið *karlþjóðin. Kven*þjóðin hefir sannarlega gleymst þegar skamtað var í askana, bæði fjárhagslegum hagsmunum og borgaralegum réttindum. En *skyldumælir* þeirra hefir altaf verið fleytifullur.

Þessvegna verður það sjálfsagðasta skylda vor kvenna, gagnvart öllu þjóðfélaginu í heild sinni, fyrst af öllu að beita oss fyrir þau mál, sem miða að því að jafna vogarskálarnar. Vér verðum að rétta vorn eigin hag. Búa oss og börnum vorum sæmileg lífsskilyrði. Leitast við að bæta úr misfellunum, allri þjóðinni til heilla og blessunar.

Fyrsta skilyrðið fyrir frjálsri og óháðri tilveru manna, kvenna sem karla, er *fjárhagslegt sjálfstæði.* Fyrir því verðum vér að berjast í orðum og verkum. Og það vinnst á tvennan hátt: Með fullum aðgangi bæði að lögum og í framkvæmd, að öllum atvinnugreinum og stöðum, og sömu launum og karlmenn áskilja sér fyrir þau.

Því fátækt vor kvennanna er rótin til flestrar vorrar óhamingju á liðnum öldum. Vér höfum altaf verið fjárhagslega upp á karlmennina komnar, og með því orðið ambáttir þeirra.

Þetta þarf að lagast. Burt með girðingarnar, sem útilykja oss frá öllum lífvænlegum stöðum! *Kvenna vinna* verður héreftir að verða jafnmikils metin og karlmannastörf. Heimilisstörfin eins vel launuð og önnur vinna. Þá munu nógar konur fást til að vinna þau.

Girðingarnar, sem settar hafa verið fyrir oss konur, til að verja vinnumarkað karlmannanna hafa eingöngu verið þeim til verndar. Atvinna *vor* hefir sannarlega ekki verið vernduð, hvorki með lögum né landsvenju. Karlmennirnir hafa lagt hverja greinina af annari, af heimilisiðnaði vorum undir sig, og helst þær sem skárst voru launaðar. Þeir hafa tekið karlmannsfatasauminn handa sjálfum sér. Fataefnagerðina, eða tóskapinn hafa þeir hvervetna lagt undir vélarnar.—Og þeim hafa þeir sjálfir stjórnað og tekið þar allar lífvænlegustu stöðurnar. Þeir hafa séð um sig. — Það er alls ekki af ófundssýki mælt, — og ekki heldur oss að kenna. —

Og þótt vinnuvélar hafi hér á landi ekki verið reknar að mun, þá hafa þær samt haft áhrif á heimilisiðnað vorn. Heimagerð fataefni hafa ekki getað staðist samkeppni við útlendu vörurnar. Þær hafa verið bæði ódýrari og fallegri. Alt þetta hefir gert konurnar óþarfar jafnmargar á heimilunum.

Vort hlutverk verður því að leitast við að gera oss konur jafnfærar í hverja stöðu eins og karlmennina, og fá þær allar opnaðar oss til handa, af því heimilin þurfa vor ekki allra við lengur.

Vér eigum ekki sjálfar sök á því. Það eru breyttir tímar sem skapa þessar kröfur og aðstöðu.

Kvenréttindamálið heimtar að vinna karla og kvenna sé jafnmikils virt, og hvorutveggju kynin séu gerð jafnfær til að leysa störf sín vel af hendi. Þetta hefir aldrei áður verið gert. Karlmenn hafa lært til embætta og iðnaðar. Þeir hafa orðið að leggja fyrir sig margvíslegt nám til þess að geta leyst sín störf vel af hendi og staðist alla samkeppni. Vér höfum aldrei verið látnar læra neitt til hlítar. Því hafa karlmennirnir einskis metið störf vor — og launað þau líka þar eftir.

Og það eru ekki aðeins iðnaður og verklegar framfarir kvenna út á við, sem vér viljum bæta og efla. — Vér viljum fyrst og fremst þroska konurnar siðferðislega, haga uppeldi þeirra þannig, að þær fái meiri ábyrgðartilfinningu, og ríkari skyldutilfinningu. Því segjum vér: Ekkert er ofgott fyrir mæður framtíðarkynslóðanna. Þær eiga ekki einungis að fæða börn í heiminn, heldur líka að kunna að ala þau upp til að verða hrausta, þroskaða og skyldurækna þjóðfélaga. Og þær eiga sjálfar að þroskast við öll sín störf, og ekki síst við uppeldisstörfin.

En þessi kvennastörf — húsmóður- og móðurstörfin, þau heimtum vér að séu jafnmikils metin og störf eiginmannsins og heimilisföðursins. Og hér komum vér þá að hjónabandslöggjöfinni. Hvernig meta skuli störf hjónanna, og þátttöku þeirra í umsjón og vinnu fyrir fjölskyldunni. — Það er víðast hvar enn þá óleystur hnútur, — sem vonandi verður leystur áður en langir tímar líða.

Matreiðslunámsskeið
Kvenréttindafélags Íslands

byrjaði, eins og auglýst hafði verið 15. maí, og stóð 4 vikur alls. Nemendur á námsskeiðinu voru 36. Þar af 14 húsmæður. Kenslan byrjaði á kvöldin kl. 7 og stóð til kl. 11. — Nemendurnir borðuðu sjálfir þann mat, sem þær bjuggu til. Kökur voru líka bakaðar og keyptu nemendurnir þær fyrir það verð sem efnið í þær kostaði. Námsgjaldið var 2 kr. um vikuna fyrir hverja konu.

Í fyrstu hafði verið ætlast til að hvert námsskeið stæði 6 daga, og að það væru aðallega húsmæður sem tækju þátt í kenslunni. En með því þess konar námskeið voru hér í bænum óreynd og óþekt, þá sóttu ekki nógu margar húsmæður um þau, til þess að þau gætu orðið svo mörg og stutt, sem til var ætlast. Var því ógiftum stúlkum leyfð aðganga meðan rúm

leyfði. Sumar þeirra voru líka komnar að giftingu, svo þær gátu jafnvel talist með húsmæðrunum. Námsskeiðin urðu því að eins 2 með 18 konum í hverju þeirra, sem voru í þremur flokkum. Stöku konur höfðu óskað eftir að vera allan tímann.

Auðvitað eru þessi námsskeið að eins byrjun og tilraun til að vita hvernig fólki geðjaðist að þeim, og hvort konur vildu nota þau nú og framvegis. Kvenréttindafélagið lítur svo á að margar húsmæður gætu haft gott af slíkum námsskeiðum, þó stutt væru, og að þær muni komast af með miklu skemri tíma til þess að hafa þó af náminu tiltölulega gott gagn, heldur en margar stúlkur, sem lítið eða ekkert hafa fengist við matreiðslu upp á eigin hönd. Það kom líka við kensluna í ljós, að flestar húsmæðurnar gætu haft góð not af styttri námstíma og minni verklegri kenslu en ungu stúlkurnar.

Tilgangur félagsins er að halda samskonar matreiðslunámsskeiðum uppi hér í bænum oftar, ef húsmæðurnar óska þess. Mun það gera tilraun til að halda námsskeið seinni hluta næstkomandi septembermánaðar, til að kenna húsmæðrum að nota sér kálmeti það, sem hér fæst, og matreiða það á sem beztan hátt. Hefir fröken Sofía Jónsdóttir, kenslukona skóla-eldhúss barnaskólans, kent við þessi námsskeið, og mun einnig kenna við þetta fyrirhugaða námsskeið í september í haust. Má óhætt fullyrða, að betri og hagsýnni kennara í þessum efnum eigum vér ekki völ á, enda hafa allir nemendurnir lokið lofsorði á kenslu kennar.

Þess má geta með þakklæti, að bæjarstjórnin og skólanefndin hafa stutt þetta fyrirtæki með því að ljá félaginu ókeypis hús og áhöld og eldsneyti. Sömuleiðis hefir Búnaðarfélagið einnig góðfúslega veitt því nokkurn styrk, sem eðlilegt var, þar sem það kostar víst samskonar námskeið til sveita að öllu leyti.

Yfirleitt má segja að þetta tilraunanámskeið félagsins hafi hepnast mjög vel, og að sýnilegt sé að nauðsynlegt sé að slíkum námsskeiðum sé haldið áfram framvegis, enda má gera ráð fyrir að félagið geri það, ef engar sérstakar tálmanir koma í veginn.

Nú þegar aðalbaráttumáli kvenna er ráðið til lykta, mun Kvenréttindafélagið einnig taka upp á stefnuskrá sína ýmisleg mál og fyrirtæki, sem ganga meira í verklega átt og miða að því að bæta hagi kvenna, létta þeim störf þeirra og gera þær færari til að leysa þau vel af hendi.

Í fyrravetur gekst það fyrir samskotum til að koma upp leikvelli fyrir börnin hér austurbænum, þar sem þéttbýlast er, sem fékk beztu undirtektir, og komið var upp að miklu leyti með þessum frjálsu samskotum.

Þess hefir aldrei verið getið neinstaðar að það var Kvenréttindafélagið hér, sem fyrst kom á fót lestrarstofu fyrir konur hér í bænum og hélt henni úti í 3 ár, með talsverðum tilkostnaði. Hafði það fengið talsvert mikið af verulega góðum bókum og tímaritum, bæði innlendum og útlendum. Félaginu hafði t.d. Sig. bóksali Kristjánsson gefið yfir 60 bindi af ágætum íslenzkum bókum, þar á meðal allar Íslendingasögur, Eddurnar o. s. frv. Sömuleiðis hafði Björn Jónsson ritstjóri gefið 25 bindi, og allir aðrir bókaútgefendur höfðu gefið það, sem þeir gáfu þá út af bókum. Sjálft keypti félagið bækur og tímarit fyrsta árið fyrir yfir 80 kr. Næsta ár keypti það einnig bækur fyrir líka upphæð og varði yfir 50 kr. til bókbands. En með því að lítið var gert að því að fá þátttakendur utan félagsins, og árstillagið var mjög lágt, þá varð það að ráði að bjóða konum að stofna sérstakt lestrafélag sem þá var gert, og lét þá Kvenréttindafélagið því eftir bókasafn sitt fyrir nær því ekki neitt, til þess að lestrarfélag kvenna gæti haldið áfram sem sjálfstætt félag.

Kvenréttindadagurinn
19. júní.

——

Árið 1915, þ. 19. júní var merkisdagur íslenzkra kvenna. Þá var stjórnarskráin samþykt af konungi vorum, sú er veitir konum fult atkvæði í öllum þjóðmálum á við karlmenn, með því að veita þeim kosningarrétt og kjörgengi til alþingis. Þenna dag höfðu þær konur, er stóðu fyrir hátíðahaldinu 7. júlí í fyrra, ákveðið að gera að minningardegi sínum framvegis, til þess að halda minningu þessa mikilvæga viðburðar vakandi meðal íslenzkra kvenna. 19. júní 1916 skyldi því líka stofna þann sjóð, sem þá var ákveðið að hefja samskot til um land alt. Hann skyldi tengjast við þenna minningardag sem ævarandi vottur um gleði og þakklæti núlifandi kvenna yfir þessum réttarbótum.

Nefnd sú, er staðið hafði fyrir hátíðahaldinu, sem ákveðið var að halda í tvöföldum tilgangi: *fyrst* sem minningarhátíð og í *öðru lagi* til fjársöfnunar fyrir Landspítalasamskot kvenna hefir nú gert skilagrein fyrir samskotunum og því er inn kom 19. júní þ. á.

Reyndar var dagurinn óheppilegur: dimmur og hráslagalegur mánudagur, sem allir voru við vinnu, og nýafstaðinn almennur skemtidagur 17. júní. En — »guð vill það sem konurnar vilja« og í því trausti lagði nefndin út í hátíðahaldið. Það hófst kl. 5½ síðdegis á Austurvelli, sem var fánum skreyttur, með því að söngflokkur karla og kvenna söng kvæði eftir frk. Ingibjörgu Benediktsdóttir. Þá hélt frk. Ingibjörg H. Bjarnason ræðu og lýsti yfir stofnun »Landsspítalasjóðs Íslands«, sem daginn áður hafði verið orðinn alls *24,984 kr. 59 aur.* Rakti hún sögu þessara samskota og sýndi með tölum hvernig samskotin höfðu gengið og hvað mikið hefði safnast úr hverju prófastsdæmi. Utan Reykjavíkur hafði mest safnast tiltölulega úr Vestmannaeyjum: kr. 768,67 eða 42,8 aurar á mann, og í Vestur-Ísafjarðarsýslu með kr. 1090,29 eða 42,6 aurar á mann. Minst í Rangárvallasýslu kr. 130,67 eða 3,3 aur. á mann og frá Eyjafjarðarsýslu kr. 546,10 eða 9,2 aur. á mann. Frá kaupstöðunum kom: Úr Reykjavík kr. 6726,54 eða 50 aur. á mann. Frá Ísafirði 455,20 eða 26,3 aur. á mann. Frá Hafnarfirði kr. 341,00 eða 20 aur. á mann. Frá Akureyri kr. 10 (frá einni konu) og frá Seyðisfirði ekkert.

Síðan las frk. I. H. B. upp stofnskrána, og var þar ákveðið að sjóðurinn væri stofnaður til minningar um fengin stjórnmálaréttindi kvenna 19. júní 1915. Skyldi hann heita Landsspítalasjóður Íslands. Honum stjórnaði 8 kvenna nefnd, kosin til 3ja ára, af kjörinni fulltrúanefnd frá þeim 8 kvenfélögum, sem í fyrstu stóðu fyrir samskotunum, og væri ein stjórnarkona frá hverju þeirra kvenfélaga. Felli eitthvert þeirra niður, þá gengi þess fulltrúi úr stjórninni. Tilgangur sjóðsins væri að stuðla að því að koma sem fyrst á fót sem fullkomnustum landsspítala. Fullnaðarákvæði um það hvernig sjóðnum skyldi verja þegar spítalinn yrði bygður, hefði sjóðsstjórnin í samráði við landsstjórnina. Tveir endurskoðendur skyldu endurskoða ársreikninga sjóðsins, sem fyrst yrðu lagðir endurskoðaðir fyrir aðalnefndina og síðan birtir í blöðunum. —

Þá talaði Matth. Jochumsson á þessa leið:

Heiðruðu kvenfretsiskonur! Með lotningu og kærleika lýt ég yðar valdi og samfagna yðar réttindum. Já, ég lýt yður sem *yfirvaldi.* Mitt fyrsta yfirvald var kona, fátæk en ágæt kona. Það var hún *móðir* mín.

Nú gnæfir Íslands tignar-ímynd yfir höfðum yðar, þér Íslands dætur, eins hátt og eins hugfult eins og yfir oss Íslands sonum! En löngu áður en lögin veittu yður það fullrétti, sem þér áttuð í skuld, sáum vér og þektum ímynd yðar kvenna — ekki í Islands fána, því að hann var ekki til, heldur í Fjallkonunni sjálfri, móður vorri, og sungum:

Já, vér þreyjum þessa eyju,
því oss birtist hún
svipuð meyju, sjálfri Freyju,
signuð undir brún;
helguð sögu, ljóði, lögum,

logabjartri rún.
Íslands mögum mun hún fögur
meðan gróa tún!

Og loks kom fáninn! En um hann út af fyrir sig þarf ég ekki svo mjög að fjölyrða, það hefir verið gert af ýmsum færari mönnum en mér, enda er tilorðning hans orðin heil saga. Eða þarf ég að minna á, að í frá ómunatíð voru hermerki til, gunnfánar, er menn fylgdu í bardögum og fylktu sér undir, og það áður en þjóðfánar urðu til, er tákna tilveru, völd og vegsemd heilla stórþjóða? »Þá skipaði konungur að fram skyldi bera merkið og tókst þá orusta«, segir í sögum. Í þeim finnast og margar fánasögur og um hina hraustu »merkismenn«, er þá báru á fagurgyltum stöngum, eins og Sighvatur kvað, er hann lýsti orustunni á Stiklastöðum. Leyfið mér litinn útúrdúr: Einn hinna yngri skáldmæringa Norðmanna lýsir nefndum bardaga, sem háður var árið 1030, þá er Ólafur hinn helgi féll. Skáldið segir svo:

Á Stiklastöðum varð stálahríð,
og aldir saman þar áttu stríð:
hilmir inn bjarti og Hundur inn svarti,
o. s. frv.

En svo heldur skáldið áfram og segir:

En konungsmerkið hvar komið var,
það vissi hann *Þórður* er það fram bar.

Þá bendir randa fékk banasár
hann neytti handa fyr hnigi nár:

Með hraustri mundu hann hóf upp stöng
og skaut í grundu svo skaftið söng.

Og einmitt sama má sérhver gera,
ef frægð og frama fram skal bera.

Því:

þótt bili hendur er bættur galli,
ef *merkið* stendur, þótt maðurinn falli.

Hver þjóð á sigursöngva um sína fána. Hann þýðir meira en merki í orustum; hann á að tákna tign og einkenni lands og lýðs, og er heilagur. Hver sem vansæmir hann, heitir vargur í véum. Hann geymir þjóðar sinnar sorg og sögu, metnað hennar og mannraunir og er vígður frægðaróði með föðurblóði. En vor fáni er ungbarn, og hefir aldrei séð blóð! Og þó skyldu engin ragmenni eða bleiðimenn fá hann að snerta, enda mætti hann þar koma að sá sem hann ber sjái eins mannskæða orustu og þeir Þórður Fólason og Þormóður Kolbrúnarskáld eða Sigurður jarl Hlöðvisson, því við eld og ís eigum við í aldurlöngu stríði, sem ramara er en járn og blý. Margar þjóðir hafa enn þá hrædýrin í skjaldarmerki sínu og gunnfánum. Þeirra þurfum vér ekki við; oss nægir friðarmerki krossins Krists með litina þrjá, er tákna höfuðeinkenni vorrar fósturjarðar. Fáninn ber þrefalda líking (symból) í litum sínum. Ein er *útvortis* og sýnileg, önnur *innvortis* og hugsæileg. Blái liturinn táknar bæði hinn bláheiða himin og blásvala sæ, en hinir ís og eld. Hið innra bendir hinn blái grunnlitur á samband vort við himinn og haf; til himinsins horfir trú vor og traust, og af sænum lærum vér menning og manndóm og fáum fjör og frægð og næring. Hinn hvíti bekkur bendir á lífsstríð vort, og er þó rauði bekkurinn breiðari, því hann þýðir: *eldinn*, en líka *kærleikann*. Af honum á kuldinn að fá þá hlýju og hóf, að vér þolum lífsstríðið, því kærleikurinn er kallað að sigri alt og jafnvel hel og dauða. Þér kvenfrelsiskonur! hið rauða í fána vorum er yðar litur. Geymið eldsins, gætið þess sem mest er í heimi. *Tútó nika!* þ. e. með þessu merki muntu sigra, sagði draumsýnin Konstantínusi keisara. Með sama tákni getið þér, veikar konur, einnig sigur unnið — eins og þér hafið áður margan sigur hlotið — án hins lögfesta frelsins. Nú eigið þér eftir úrslitasigurinn. Hver er hann? Hann er sá að hlása hin banvænu vopn úr höndum ofstopamannanna. Byrjið á byrjuninni. Agið sonu yðar fremur með elsku en ótta, því elskan útrekur bæði óttann og ilskuna.

Og takið svo við fána lands vors. Hann virðist nú bezt kominn í *kvenna* höndum, þeirra kvenna, sem góðar eru, vitrar og samhuga. Vér karlmenn megum vel segja eins og kappar Ólafs konungs á Ormi hinum langa: »Bæði eru sverð vor sljó og brotin mjög«. Þér byrjið vel og hafið þegar stofnað til stórrar hjálpar í landinu. En nú tíðkast breiðu spjótin, nú þarf stórt að starfa, og þó alt í kærleika: *Öll kristin siðmenning er í veði!* Takið því við fánanum, eða að minsta kosti hálfum yfirráðum hans. Leggið við hann ástfóstur, farið um haun mildum móðurhöndum, sem væri hann nýskírður hvítvoðungur! Og til þess efli og styrki ykkur almáttugur guð!

Lifi Íslands fáni!
Lifi Íslands frjálsu konur!
(Húrra!).

Þá var sungið kvæði með fánalagi Sigfúsar Einarssonar eftir frk. Maríu Jóhannsdóttur og fóru menn síðan suður á Íþróttavöll og skemti unga fólkið sér þar fram á nótt við lúðraþyt leikfimi og dans. Veitingar voru á vellinum.

Sömuleiðis var haldinn bazar frá hádegi í fordyri Alþingishússins á ýmsum munum,

sem gefnir voru til þess að seljast fyrir Landsspítalasjóðinn. Þá voru og hljómleikar í dómkirkjunni, sem Páll Ísólfsson organleikari hélt til ágóða fyrir sjóðinn. Að síðustu léku 22 börn um kvöldið æfintýraleik í Iðnó, undir stjórn frú Stefaníu Guðmundsdóttur fyrir troðfullu húsi, og þótti það hin bezta skemtun. Hafði Guðm. Guðmundsson skáld þýtt leikinn og lagað. Var leikurinn leikinn alls í 5 kvöld til ágóða fyrir sjóðinn. Næstu daga á undan voru seldir happadráttamiðar og voru þeir allir uppgengnir um kvöldið. Sömuleiðis voru seldar slaufur, dagskráin og kvæðin prentuð, alt til ágóða fyrir sjóðinn.

Skemtun þessi fór hið bezta fram þrátt fyrir hráslagalegt veður, og inn komu alls yfir 4000 kr. Þar af var tekinn kostnaður allur sem var mikill. Hreinn ágóði eftir daginn og alla þessa sölu mun vera rúmar 3000 krónur, sem legst við spítalasjóðinn. Auk þess hefir bæst við sjóðinn samskot og gjafir úr bænum síðan, auk fjárloforða sem ekki eru talin með, af því þau eru ekki enn þá útborguð. Búist er við að framvegis verði einhverri fjársöfnun haldið áfram til sjóðsins. Væri nú líklegt að þeir karlmenn, sem máli þessu og samskotum eru hlyntir, mundu snúast vel við ef þeim væru sendir listar til fjársöfnunar. Hafa konurnar nú riðið á vaðið, með sínum litlu efnum, þótt þess megi þakklátlega geta að ýmsir góðir menn hafi líka gefið þar góðan skerf. En því miður hefir enn þá ekki verið alment snúið sér til þeirra, sem þó hafa öll fjárráðin. Má því eflaust vænta góðrar hluttöku frá þeim, þegar farið verður að leita þeirra sér í lagi, sem vér teljum víst að gert verði.

Eins og sólin vekur vorið,
vaknar afl við frelsi og rétt.
Starf og ábyrgð eykur þorið,
er í hömlur fyr var sett.
Jafnvel þyngsta þrautasporið
þegnum frjálsum verður létt.

Sé hjá dýrstu dögum settur
dagur sá er fékk oss völd.
Blessist fengið frelsi og réttur
fram á tímans hinsta kvöld.
Aldrei lýti brák né blettur
brynju vora, sverð né skjöld.

Yfir hverju voru verki
vaki sá, er gaf oss líf.
Vígjum honum völd og merki.
Verðum lágum stoð og hlíf.
Yfir hverju voru verki
vaki sá, er gaf oss líf!

Maria Jóhannsdóttir.

Vér fögnum þessum fagra júnídegi,
hann færði góðan boðskap okkar þjóð;
og sérhvert ár, er sól hans rís úr legi
vér sigurglaðar hefjum vorsins óð.
Vér skiljum vel, hve þunga ábyrgð eigum
er öðlast höfum lengi þráðan rétt,
við þetta skref vér þó ei hika megum,
því þroska vorsins takmark skal ei sett.

Vér fögnum hverjum fögrum júnídegi,
sem flytur okkur ljós og sumaryl,
en einkum þeim, sem opna oss nýja vegi
og útsjón stærri en fyr við þektum til.
Svo þröngt og skuggsýnt oft var inn í bænum,
já, inniloftið saggafult og kalt;
að veita' inn loftstraum, lauga sig í blænum
í ljósi og yl er vorsins börnum alt.

Vér fögnum þessum fögru júnídögum.
Vér finnum vorið anda nær og fjær; —
já, ákvæðin, sem urðu í dag að lögum,
þau eru líka vorsins frjálsi blær.
Að finna skilning, finna samúð hlýja,
sem frá þeim stafar, — traust og bróðurþel.
Það göfgar viljann, glæðir krafta nýja,
og gefur okkur þrek að starfa vel.

Vér fögnum öllum fögrum júnídögum,
með fullu trausti biðjum þess í dag,
að alt það bezta, er býr í þessum lögum
sé blessun vorsins yfir landsins hag.
Í vorsins nafni stefnu og störf skal hefja:
að styrkja, vernda, — þerra tár af kinn,
um hlíð og strendur vorsins gróðri að vefja
og vorblæ tímans leiða í hjörtun inn.

Ingibjörg Benediktsdóttir.